



Picasso í strikum David Levine.

mínar myndir yrðu brenndar, held ég, að ég myndi samt sem áður mála, já ég myndi halda áfram að mála.“ Samtímis hinni risastóru sýningu á verkum Picassos, í Grand og Petit Palais var hinni stóru mynd Braque af vinnustofunni komið fyrir í Louvre. Á þeim tíma voru hinir tveir forvínir orðnir ósættanlegir andstæðingar.

Samkeppnin við Matisse hófst þegar meðan fyrri heimsstyrjöldin stóð yfir. Þegar Gertrude Stein og bræður hennar, með ættarpeningana bandarísku í vasanum, uppgötvuðu hina tvo upprennandi risa franska skólans. Þá öðrum þeirra var boðið til miðdegisverðar varð Gertrude Stein að fela myndir hins, annars kom viðkomandi ekki bita niður. En meira en hálfri öld seinna, er kapella Matisse í Vence var fullbúin kom Picasso. Hann keypti póstkort hjá safnverðinum, sem var kuldaleg og öflugur. Úr einum gestanna hrökk: „Þetta er Picasso.“ Hún leit á hann og andlit hennar ljómaði: „Úr því að þér eruð herra Picasso verð ég að segja dálítið ánægjulegt. Þeir sem hingað koma segja allir álit sitt og einn daginn hafði herra Matisse fengið nóg og rumdi: „Systir, það er einungis einn maður sem hefur rétt til að gagnrýna mig, og þú systir, það er Picasso. Að algóðum guði undanskildum, náttúrulega. Það mátt þú segja öllum hinum.“ — Picasso setti upp furdusvip og segir svo: „Hvers vegna hinn algóða Guð? Hann segir varla nokkuð?“

Jaqueline og Malraux standa fyrir framan kyrralífsmynd eftir Matisse. Hún segir: „Matisse hélt mikið upp á myndina. Hann vildi

ekki draga hana til baka frá listaverkakaupmanninum. Hún var seld. Þegar hann heyrði, að Pablo væri kaupandinn, grét hann.“ Þetta hafði svip af hatursfullu ástarsambandi, aðdáun og gagnkvæmum innblástursáhrifum. Líkast hártogunargjörnu frímúrarí milli tveggja listamanna. Það mun einmitt hafa verið Matisse er kenndi Picasso að meta list Afríkunegra eftir ferð þangað.

Vegna ótakmarkaðra fjárráða hafði Picasso getað fest sér bæði Cézanne og van Gogh. Hann dáðist að hinum fyrrnefnda, en hinn elskaði hann. Líkt og Lenardo rannsakaði Cézanne náttúruna. Picasso nauðgaði henni. Hann átti ekki til hina frönsku hefð, hófsemi. Það var vottur af mára í blóði hans og kom úr móðurættinni. Hinn norsk málarahöfðingi, Henrik Sørensen, sagði um Picasso, að máninn, eins og hinir mexíkónsku niðjar hans, þekkti ekki til ástar án kvikindisháttar — sadisma. Þeir elska konur og nau, og þess vegna slátra þeir þeim í stórkostlegum „corrida des toros“, nautautömu, og spretta nasavængina og kviðinn upp á fögrum konum og dreifa afganginum á stóra dúka.

Líf Malraux var svipað lífi Picassos, báðir voru þeir uppreisnarmenn. Malraux var kommúnisti, en ekki íhaldssamur kommúnisti; gerði uppreisn gegn kommúnistum og de Gaulle varð hans stóra fyrirmynd. Malraux sá Picasso sem hliðstæðu de Gaulle, tver ástríðufullar andstæður, sem settu svip á tímana, en hver á sínu sviði, sem skáru ekki hvort annað. Þegar aðrir listamenn, svo sem Matisse og Braque, sökktu sér niður í sinn eigin mótaða

og gegnhugsaða stíl sökkti Picasso sér niður í stöðugar umbyltingar, með breytingu stílsins sem meginreglu. Hann vildi ekki vera háður hinu nýja miðstýrða valdi, sem kom í kjölfar listbyltingarinnar.

Jaqueline og Malraux skiptust á orðum í anddyrinu um síðustu nótt Picassos.

„Hann vann langt fram eftir?“

„Já,“ svarar Jacqueline, „þegar lækurinn kom um morguninn, vildi ég fara á fætur, en Pablo hélt í hönd mér. Hann sneri sér til læknisins og sagði. „Þér eruð piparsveinn, lækur?“ „Já.“ „Það er rangt af yður. Það er gott að vera með konu.“ Ég sveipaði morgunslöppum um axlir mér og gekk út. Fimm mínútum seinna fann ég, að einhver var fyrir aftan mig í ganginum. Ég sneri mér við. Ég skildi. Ég heyrði ekki einu sinni lækinn segja: „Hann er dáinn.“

Í tilefni þess hve margar myndir frá síðustu æviárum Picassos prýða „Óvæntu sýninguna“ á Kjarvalsstöðum rótaði ég í gullakistu minninganna og fann þar gamla grein úr norska vikublaðinu Farmand, sem að hluta til er uppistaða þessarar samantektar. Fannst innihaldið um margt falla að stafi sýningarinnar.

Mér þykir það dálítið merkilegt, að í öllu því upplýsingaflóði um líf og feril Picasso, sem hér hefur komið á þrykk í tilefni sýningarinnar, hef ég hvergi séð minnst á félagi hans, samferðamann og ritara, Jaime Sabartés. Sá var skáld, er kom með Picasso til Parísar um aldamótin og gerðist nánasti félagi hans og hægri hönd til æviloka. Skrifaði eina bók, sem er í eigu minni á ítölsku, og eru endurminningar hans um samveruna með Picasso „Buon giorno Picasso“ og út kom 1953 er ég var búsettur í Róm.

Meistarinn gerði um dagana ótal myndir af þessum vini sínum og margar einstæðar, enda heimsfrægar. Hann varð einnig háaldraður og lést fjórum árum á undan meistararum.

Picasso var einnig ekki einasta lánasamur með lífsförunauta úr röðum kvenna, stórgáfadra og fagurra, er hann flakkaði á milli og er jafnvel sagður hafa verið ótrú í bland — heldur hafði hann andrútt skáld í næsta nágrenni allt lífið, hollan ráðgjafa, sem hann hélt tryggð við til hins síðasta og á vafalítið ómælt að þakka.


Oft hefur mér verið hugsað til þess, að sitthvað af mælskusnilld Picassos og lífsspeki hafi trúlega orðið til í orðaskiptum hans við skáldið Sabartés, en við megu heldur ekki gleyma, að hann umgekkst marga af mestu andans mönnum Frakklands. mjög náð er heimsóttu hann á síðdegisstundum þá er hann hafði opið hús fyrir vini sína.

Þessu vildi ég einnig koma að til umhugsunar.

— Það er trúá mín, að hingað eigi eftir að rata fleiri Picasso-sýningar í framtíðinni og yfirgrípsmeira úrval en þetta, en enginn skyldi þó láta tækifærið fram hjá sér fara að kynna þessari hlið meistarans.

— Þar sem Jacqueline Roque Picasso hefur verið í sviðsljósinu í þessari ritmið og er það í ríku mæli í sambandi við sýninguna á Kjarvalsstöðum þykir mér freistandi að ljúka grein minni með því að segja frá litlu en táknrænu atviki, er kom fyrir á vinnustofu Picasso, rúmum áratug fyrir dauða hans. Lauk ég einnig við greinaflokk minn um Picasso árið 1972 með því að segja frá sama atviki en nú er tilefnið nærtækara.

Jaqueline kom að Picasso, þar sem hann horfði beint til hinnar brenndandi eftirmiðdagssólar út um gluggann. Hún hrópaði til hans viðvaranir, felmtri slegin, en Picasso svaraði áhyggjulaus: „J'ai toujours le soleil dans l'œil depuis mon enfance“. Frá því ég var barn hef ég alltaf haft sólina í augum mér.



## Skynjum, söguna bezt í Skálholti

— sagði útvarpsstjóri í ræðu á Skálholts-hátíð

Selfossi.

Skálholtshátíðin 1986 var haldin sunnudaginn 20. júlí sl. og hófst með því að klukkum Skálholtskirkju var hringt og prestar og biskupar gengu í skrudgöngu til kirkju og messu þar. Veður var mjög gott og tign staðarins mikil eins og ævinlega.

Í messunni í Skálholtskirkju predikaði sr. Gunnar Kristjánsson og sr. Ólafur Skúlason vígslubiskup, sr. Guðmundur Óli Ólafsson og sr. Sigurður Árni Þórðarson þjónuðu fyrir altari. Jón Sigurðsson og Lásur Sveinsson léku á trompet. Skálholtskórinn söng undir stjórn Glúms Gylfasonar við undirleik Friðriks Stefánssonar organleikara. Raddsetningu messunnar annaðist Róbert A. Ottósson.

Síðdegis hófst samkoma í Skálholtskirkju með organleik og ávarpi sr. Guðmundar Óla Ólafssonar og söng Sigrúnar Bragadóttur og Bergþórs Pálssonar við undirleik Glúms Gylfasonar.

„Í Skálholti skynja Íslendingar sögu sína best“, sagði Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri m.a. í ávarpi sem hann flutti á samkomunni. Hann talaði um þýðingu Skálholts fyrir sögu landsins og samtíma sem væri mikil og helgaðist m.a. af því að í Skálholti hefðu stofnanir haft aðsetur og verið starfræktar. Hann talaði einnig um þýðingu þess fyrir Reykjavík þegar biskupsstóllinn var fluttur þangað og um sögu Reykjavíkur og afmæli borgarinnar.

Hátíð á jafn stórum stað og í Skálholti minnir á tilvist hans og nauðsyn þess að staðið sé þar að málum á myndarlegan hátt. Flutningur biskupsstóls að Skálholti er m.a. í fullbúnu frumvarpi til laga um starfsmenn þjóðkirkjunnar. En flutningur frumvarpsins og síðan framkvæmd þeirra laga sem það boðar er meðal þeirra laga sem eru forsenda þess að Skálholtsstaður nái þeirri reisu og þýðingu sem hann áður hafði og er af mörgum talin nauðsynleg.

Sig Jóns.



Ánægðir gestir á „Exposition Inattendue“ á Kjarvalsstöðum, Guðbjörg Kristjánsdóttir listsagnfræðingur, Ásgerður Búadóttir vefjarlistakona og Björn Th. Björnsson listsagnfræðingur.